

# **Rangárþing eystra**

**Ársreikningur 2016**

**Efnisyfirlit** **bls.**

Skýrsla og áritun sveitarstjóra, byggðaráðs og sveitarstjórnar .....	<b>2</b>
Áritun óháðs endurskoðanda .....	<b>3 - 4</b>
Rekstrarreikningur .....	<b>5</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>6 - 7</b>
Sjóðstreymi .....	<b>8</b>
Skýringar .....	<b>9 - 25</b>

Rangárþing eystra  
kennitala: 470602-2440  
Hlíðavegi 16, 860 Hvolsvöllur

## Skýrsla og áritun sveitarstjóra, byggðaráðs og sveitarstjórnar

Ársreikningur Rangárþings eystra er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlunar og ársreikninga sveitarfélaga.

Heildarvelta sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta 2016 nam 1.694 m.kr. og er 183 m.kr. yfir áætlun. Skatttekjur sveitarfélagsins samtals námu 877 m.kr. og voru 42 m.kr. yfir áætlun. Samtals námu rekstrartekjur A hluta 1.586 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 1.417 m.kr.

Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um fjárhæð 125 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 13 m.kr. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila sveitarfélagsins er jákvæð um fjárhæð 153 m.kr. og er afkoman 120 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Fjöldi ársverka á árinu var 112.


Það er álit sveitarstjórnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sveitarfélagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Íbúafjöldi Rangárþings eystra 1. desember 2015 var 1.772 en var þann 1. desember 2016 1.762. Íbúum fækkaði um 10.

Ársreikningur Rangárþings eystra fyrir árið 2016 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Hvolsvelli, 10. apríl 2017

Sveitarstjóri:

  
 Freðrik Órli Þorvaldsson
 Birki Þorvaldsson
 Nilja Finarsdóttir

Byggðaráð:

Ársreikningur Rangárþings eystra fyrir árið 2016 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningurinn er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Hvolsvelli, 28. apríl 2017

Sveitarstjórn:


  
 Freðrik Órli Þorvaldsson
 Þorvald Þorvaldsson
 Þórir Þorvaldsson
 Christiane Þórhóttir
 Þorvald Þorvaldsson
 Birki Þorvaldsson
 Nilja Finarsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til sveitarstjórnar Rangárþings eystra

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Rangárþings eystra fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra, ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrla sveitarstjórnar og sveitarstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð sveitarfélagini samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjómar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að meta hæfi sveitarfélagsins til áframhaldandi starfsemi og semja ársreikning sveitarfélagsins á þeiri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema mat þeirra sé að áframhaldandi starfsemi sé ekki möguleg. Stjórnendum sveitarfélagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

## Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álíti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarnarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu álíti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Hvolsvelli, 28. apríl 2017

PricewaterhouseCoopers ehf.

*Berglind Hákonardóttir*

Berglind Hákonardóttir  
löggiltur endurskoðandi



Ólafur Gestsson  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr	Sveitarsjóður A-hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
		2016	Fjárh.áætl.	2015	2016	Fjárh.áætl.	2015
<b>Rekstrartekjur</b>	2						
Skatttekjur .....		880.798	838.010	721.941	877.207	834.708	718.344
Framlög jöfnunarsjóðs .....		457.319	389.200	402.773	457.319	389.200	402.773
Aðrar tekjur .....		247.745	189.597	205.969	359.881	287.531	290.891
		1.585.862	1.416.807	1.330.683	1.694.408	1.511.439	1.412.008
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	3	797.047	759.070	713.314	797.047	759.370	713.417
Annar rekstrarkostnaður .....		611.334	573.759	588.292	655.305	604.267	624.828
		1.408.380	1.332.829	1.301.605	1.452.352	1.363.637	1.338.246
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>		177.482	83.978	29.077	242.056	147.802	73.763
Afskriftir .....	6	(59.968)	(67.758)	(60.395)	(70.983)	(80.600)	(71.557)
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</b>		117.514	16.220	(31.318)	171.073	67.202	2.205
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ....	4	7.021	(2.725)	(5.840)	(16.710)	(33.505)	(30.868)
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir skatta</b>		124.535	13.495	(37.157)	154.364	33.697	(28.662)
Reiknaður tekjuskattur .....	13	0	0	0	(1.036)	0	(70)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	5	<u>124.535</u>	<u>13.495</u>	<u>(37.157)</u>	<u>153.328</u>	<u>33.697</u>	<u>(28.732)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

<b>Eignir</b>	Skýr.	<b>Sveitarsjóður</b> A-hluti		<b>Samantekin reikningsskil</b> A og B hluti	
		2016	2015	2016	2015
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6				
Fasteignir og lóðir .....		1.497.631	1.482.375	1.648.092	1.649.688
Veitu-, gatna- og ljósleiðarakerfi .....		67.824	62.683	162.761	164.494
Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki .....		47.028	44.125	47.167	44.264
		1.612.483	1.589.183	1.858.019	1.858.446
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum .....	7	214.736	249.482	214.736	249.482
Tekjuskattsinneign .....	13	0	0	1.155	1.149
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	8	69.227	78.196	0	0
		283.963	327.678	215.891	250.631
<b>Fastafjármunir samtals</b>		1.896.446	1.916.861	2.073.910	2.109.077
<b>Veltufjármunir</b>					
Vörubirgðir .....		1.994	2.021	1.994	2.021
Öinnheimtar skatttekjur .....	9	96.256	54.432	96.256	54.432
Næsta árs afb. eigin fyrirtækja .....	8	10.607	28.544	0	0
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		127.128	125.813	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....	9	103.019	38.568	108.018	42.346
Handbært fé .....		193.530	153.391	193.530	153.391
		532.534	402.769	399.798	252.191
<b>Eignir samtals</b>		<u>2.428.980</u>	<u>2.319.630</u>	<u>2.473.708</u>	<u>2.361.267</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

<b>Eigið fé og skuldir</b>	Skýr.	<b>Sveitarsjóður A-hluti</b>		<b>Samantekin reikningsskil A og B hluti</b>	
		2016	2015	2016	2015
<b>Eigið fé</b>					
Eigið fé .....	10	1.934.759	1.818.966	1.761.415	1.616.828
<b>Skuldbindingar</b>					
Lifeyrisskuldbinding .....	11	126.475	105.177	126.475	105.177
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	12	183.266	227.130	395.201	465.370
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Næsta árs afb. langtímaskulda .....	12	48.625	49.805	53.585	55.262
Næsta árs afb. lifeyrisskuldb. ....	11	2.420	1.581	2.420	1.581
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		970	1.022	0	0
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		11.281	10.207	11.281	10.207
Aðrar skammtímaskuldir .....		121.183	105.742	122.288	106.789
Ógreidd opinber gjöld .....	13	0	0	1.042	52
		184.479	168.357	190.617	173.892
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>		494.221	500.664	712.294	744.439
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>2.428.980</u></u>	<u><u>2.319.630</u></u>	<u><u>2.473.708</u></u>	<u><u>2.361.267</u></u>

**Aðrar upplýsingar**

14-19

## Sjóðstreymi ársins 2016

	Sveitarsjóður A-hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
	2016	Fjárh.áætl.	2015	2016	Fjárh.áætl.	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Hreint veltufé frá rekstri:						
Rekstrarniðurstaða .....	124.535	13.495	(37.157)	153.328	33.697	(28.732)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir .....	59.968	67.758	60.395	70.983	80.600	71.557
Verðbætur .....	3.104	7.491	3.540	10.232	21.109	11.007
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu .....	24.458	6.000	10.704	24.458	6.000	10.704
Söluhagnaður .....	(29.585)	(25.707)	0	(43.367)	(39.637)	0
Breyting tekjuskattsinneignar .....	0	0	0	(7)	0	(494)
Afskrift eignarhluta í félögum .....	2.350	0	0	2.350	0	0
	184.829	69.037	37.482	217.977	101.770	64.042
Breyting rekstrart. eigna- og skuldaliða:						
Vörubirgðir .....	27	0	31	27	0	31
Öinnheimtar skatttekjur .....	(41.823)	0	21.354	(41.823)	0	21.354
Aðrar skammtímaskröffur .....	(64.451)	0	11.734	(65.672)	0	9.314
Skammtímaskuldir .....	16.515	0	6.901	17.563	0	6.559
Greiðslur v. lífeyrisskuldbindingar .....	(2.320)	0	(1.331)	(2.320)	0	(1.331)
	(92.052)	0	38.690	(92.225)	0	35.926
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>92.777</b>	<b>69.037</b>	<b>76.171</b>	<b>125.752</b>	<b>101.770</b>	<b>99.969</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Kaupverð varanlegra rekstrarfj. .....	(61.864)	(118.340)	(35.095)	(59.974)	(133.340)	(36.275)
Söluverð varanlegra rekstrarfj. .....	39.400	36.000	0	64.003	61.100	0
Kaupverð fjárfestinga .....	(7.564)	(7.500)	(4.972)	(7.564)	(7.500)	(4.972)
Langtímakr. eigin fyrirtæki, breyting .....	29.143	29.215	27.315	0	0	0
	(885)	(60.625)	(12.751)	(3.535)	(79.740)	(41.246)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Viðskiptastaða eigin fyrirt., breyting .....	(1.367)	(18.044)	(10.005)	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	(50.386)	(51.787)	(49.114)	(82.078)	(85.243)	(54.421)
	(51.753)	(69.831)	(59.119)	(82.078)	(85.243)	(54.421)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>40.140</b>	<b>(61.419)</b>	<b>4.301</b>	<b>40.140</b>	<b>(63.213)</b>	<b>4.301</b>
Handbært fé í ársbyrjun .....	153.391	153.391	149.090	153.391	153.391	149.090
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>193.530</b>	<b>91.972</b>	<b>153.391</b>	<b>193.530</b>	<b>90.177</b>	<b>153.391</b>

# Skýringar

## 1. Helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Rangárþing eystra er sveitarfélag á suðurlandi og voru íbúar 1.762 þann 1. desember 2016. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Hlíðavegi 16, Hvolsvelli.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlunar og ársreikninga sveitarfélaga.

Til sveitarsjóðs (A hluta), telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð, eignasjóð og þjónustustöð. Til B hluta teljast stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu Rangárþings eystra, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Félagslegar íbúðir, Leiguíbúðir, Vatnsveita, Hitaveita og Fráveita.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.2 Samantekinn ársreikningur

Ársreikningur sveitarsjóðs (A hluta) og samstæðu (A og B hluta) er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum og skuldum er eytt.

### 1.3 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna öinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvar, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sala vöru og þjónustu er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjfærslan er miðuð við afhendingartíma.

### 1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjfærðar miðað við upphaflega ávoxtunarkröfu skuldabréfæignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjfærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Aróstekjur eru tekjfærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

### 1.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur álegur hundraðshlutum af stofnverði. Afskriftatími eignaflokka er eftirfarandi:

Fasteignir og lóðir .....	25 - 40 ár
Veitukerfi .....	25 ár
Gatna- og ljósleiðarakerfi .....	25 ár
Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki .....	5-10 ár

## Skýringar

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarriðurstöðu. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Á hverjum reikningsskiladegi er yfirfarið hvort gangvirði þessara eigna hafi vikið verulega frá bókfærðu verði þeirra. Sé um verulegt frávik að ræða eru þær endurmetnar. Í þessu samhengi er frávik talið verulegt ef það nemur 5% eða meira frá bókfærðu verði. Verðmatsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á eiginfjárréikning.

### 1.6 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum eru færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar.

### 1.7 Tekjuskattsinneign

Með lögum um skattskyldu orkufyrirtækja nr. 50/2005 er kveðið á um að orkufyrirtæki sem höfðu verið undanþegin tekjuskatti skuli vera skattskyld frá og með árinu 2006. Hitaveita sveitarfélagsins er hluti B-hluta ársreiknings samstæðu sveitarfélagsins og gilda framangreind lög um þá starfsemi.

Gjalfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema vegna liða sem færðir eru í gegnum eigið fé, þá er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðs verðs í ársreikningi. Frestaður tekjuskattur er metinn með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar kemur.

### 1.8 Langtímakröfur

Langtímakröfur á eigin fyrirtæki eru bundin vísitölu neysluverðs. Reiknaðir vextir eru 4,5%.

### 1.9 Vöruburgðir

Vöruburgðir eru metnar á kostnaðarverði.

### 1.10 Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf, eru færð á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

## Skýringar

### 1.11 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

### 1.12 Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### 1.13 Lifeyrisskuldbindingar

Lifeyrisskuldbinding vegna lifeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2016. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu nr. 11.

### 1.14 Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2017. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

### 1.15 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

### 1.16 Breytingar á samanburðartölum

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

### 2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Sveitarsjóður 2016	Áætlun	Samantekin reikningsskil	
	2016	Áætlun	2016	Áætlun
<b>Skatttekjur:</b>				
Útsvör .....	765.983	719.000	765.983	719.000
Fasteignaskattar .....	103.789	108.110	100.198	104.808
Lóðarleiga .....	11.026	10.900	11.026	10.900
	<b>880.798</b>	<b>838.010</b>	<b>877.207</b>	<b>834.708</b>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>				
Tekjujöfnunarframlag .....	68.405	61.900	68.405	61.900
Útgjaldajöfnunarframlag .....	225.390	175.800	225.390	175.800
Framlag vegna grunnskóla .....	91.876	83.300	91.876	83.300
Framlag vegna lækkunar fasteignaskatta ....	61.187	58.100	61.187	58.100
Önnur framlög .....	10.461	10.100	10.461	10.100
	<b>457.319</b>	<b>389.200</b>	<b>457.319</b>	<b>389.200</b>
Skatttekjur samtals .....	<b>1.338.117</b>	<b>1.227.210</b>	<b>1.334.526</b>	<b>1.223.908</b>
Aðrar tekjur .....	<b>247.745</b>	<b>189.597</b>	<b>359.881</b>	<b>287.531</b>
Rekstrartekjur samtals .....	<b>1.585.862</b>	<b>1.416.807</b>	<b>1.694.408</b>	<b>1.511.439</b>
Íbúafjöldi .....	<b>1.762</b>	<b>1.747</b>	<b>1.762</b>	<b>1.747</b>
Skatttekjur á íbúa .....	<b>759</b>	<b>702</b>	<b>757</b>	<b>701</b>

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður 2016	Áætlun	Samantekin reikningsskil	
	2016	Áætlun	2016	Áætlun
<b>Laun</b>				
Laun .....	613.551	607.256	613.551	607.496
Launatengd gjöld .....	183.496	151.814	183.496	151.874
	<b>797.047</b>	<b>759.070</b>	<b>797.047</b>	<b>759.370</b>

Laun sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 25,8 mkr. á árinu 2016.

Stöðugildi í árslok 2016 voru 107 en fjöldi ársverka á árinu var 112.

## Skýringar

### 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður 2016	Áætlun	Samantekin reikningsskil 2016	Áætlun
Vaxtatekjur og verðbætur .....	7.908	8.158	7.952	8.158
Arður af eignarhlutum .....	8.819	0	8.819	0
Fjármagnstekjuskattur .....	(3.345)	0	(3.345)	0
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(16.674)	(25.392)	(27.785)	(41.663)
Vextir frá eigin fyrirtækjum .....	12.663	14.509	0	0
Afskrifaðir eignarhlutir í félögum .....	(2.350)	0	(2.350)	0
	7.021	(2.725)	(16.710)	(33.505)

### 5. Heildaryfirlit um rekstur

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
Aðalsjóður:				
Skatttekjur .....	0	1.360.446	1.360.446	1.243.100
Félagsþjónusta .....	97.534	9.471	(88.063)	(88.274)
Heilbrigðismál .....	1.409	0	(1.409)	(1.408)
Fræðslu- og uppeldismál .....	839.367	68.581	(770.786)	(759.016)
Menningarmál .....	152.868	32.208	(120.660)	(138.521)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	188.602	49.956	(138.646)	(129.268)
Brunamál og almannavarnir .....	16.443	111	(16.332)	(18.172)
Hreinlætismál .....	59.572	33.133	(26.439)	(19.845)
Skipulags- og byggingarmál .....	58.045	11.963	(46.081)	(50.325)
Umferðar- og samgöngumál .....	27.109	336	(26.773)	(32.828)
Umhverfismál .....	33.056	1.799	(31.257)	(28.380)
Atvinnumál .....	28.968	7.987	(20.981)	(18.641)
Sameiginlegur kostnaður .....	156.992	17.638	(139.354)	(148.107)
Lifeyrisskuldbinding, breyting .....	24.458	0	(24.458)	(7.000)
Fjármagnsliðir .....	76	78.545	78.469	87.105
Aðalsjóður samtals .....	1.684.500	1.672.176	(12.324)	(109.580)
Eignasjóður .....	188.144	333.612	145.468	139.168
Þjónustustöð .....	60.967	52.358	(8.610)	(16.093)
Millifærslur í A hluta .....	(393.738)	(393.738)	0	0
Sveitarsjóður samtals .....	1.539.872	1.664.407	124.535	13.495
Félagslegar íbúðir .....	13.293	11.556	(1.737)	(4.919)
Leiguíbúðir .....	18.867	31.530	12.663	740
Vatnsveita .....	33.114	39.615	6.502	12.650
Skógaveitan .....	3.444	5.285	1.841	278
Fráveita .....	14.625	24.150	9.525	11.453
Millifærslur í B hluta .....	(3.590)	(3.590)	0	0
Sjóðir í B-hluta samtals .....	79.752	108.546	28.793	20.202
Samantekin reikningsskil samtals .....	1.619.625	1.772.953	153.328	33.697

## Skýringar

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatna- og ljósl.kerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>Sveitarsjóður:</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	1.482.375	62.683	44.125	1.589.183
Viðbót á árinu .....	38.188	26.282	14.787	79.257
Innheimt gatnagerðagjöld .....	0	(17.393)	0	(17.393)
Endurmat lóða skv. álti 2/2010 .....	31.219	0	0	31.219
Selt á árinu .....	(9.150)	0	(665)	(9.815)
Afskrifað á árinu .....	(45.001)	(3.747)	(11.219)	(59.968)
Bókfært verð í árslok .....	1.497.631	67.824	47.028	1.612.483

	Fasteignir og lóðir	Gatna-, ljósl.- og veitukerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>Samantekið:</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	1.649.688	164.494	44.264	1.858.446
Viðbót á árinu .....	38.188	27.073	14.787	80.048
Innheimt gatnagerða- og tengigjöld .....	0	(20.074)	0	(20.074)
Endurmat lóða skv. álti 2/2010 .....	31.219	0	0	31.219
Selt á árinu .....	(19.972)	0	(665)	(20.637)
Afskrifað á árinu .....	(51.031)	(8.733)	(11.219)	(70.983)
Bókfært verð í árslok .....	1.648.092	162.761	47.167	1.858.019

#### Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig

	Fjárfesting 2016	Áætlun 2016
<b>A hluti:</b>		
Leikskóli .....	621	840
Grunnskóli .....	0	1.000
Félagsheimili .....	1.684	9.000
Söfn .....	0	1.000
Félagsmiðstöð .....	25.933	20.000
Íþróttamannvirki .....	4.821	6.000
Leiktæki, opin svæði .....	0	5.000
Ferðamannastaðir .....	0	5.000
Hamragarðar .....	0	1.000
Fegrún miðbæjar .....	0	4.000
Austurvegur 4 .....	5.129	20.000
	38.188	72.840
<b>Gatnakerfi .....</b>		
Gatnakerfi .....	(15.379)	19.500
Ljósleiðari .....	24.268	10.000
	8.889	29.500
<b>Áhöld og tæki .....</b>		
Áhöld og tæki .....	1.237	6.000
Þjónustustöð .....	13.550	10.000
<b>Samtals A hluti .....</b>		
Samtals A hluti .....	61.864	118.340

## Skýringar

**6. Varanlegir rekstrarfjármunir, framhald** Fjárfesting 2016 Áætlun 2016

B hluti:

Félagslegar íbúðir .....	0	2.000
Fráveita .....	0	3.000
Vatnsveita .....	(1.890)	10.000
Samtals B hluti .....	(1.890)	15.000
Samtals A og B hluti .....	<u>59.974</u>	<u>133.340</u>

Vátryggingaverðmæti, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna sveitarsjóðs og B hluta stofnana, greinist þannig í árslok:

	Fasteignamat	Vátrygginga-verðmæti	Bókfært verð
<b>Sveitarsjóður:</b>			
Skólahúsnaði .....	341.900	1.137.550	254.947
Tónlistarskóli .....	69.600	255.750	216.364
Leikskólar .....	71.620	224.750	90.566
Íþróttamannvirki .....	203.750	741.750	375.311
Félagsheimili .....	344.424	1.160.950	76.693
Aðrar fasteignir .....	443.429	730.106	234.063
Gatna- og ljósleiðarakerfi .....	0	0	67.824
Vélar, áhöld og tæki .....	0	313.193	47.028
Löðir og lendur .....	0	0	249.686
Samtals sveitarsjóður .....	<u>1.474.723</u>	<u>4.564.049</u>	<u>1.612.483</u>

	Fasteignamat	Vátrygginga-verðmæti	Bókfært verð
<b>B-hluta stofnanir:</b>			
Íbúðarhúsnaði .....	378.649	634.685	150.461
Veitukerfi .....	0	1.005.037	94.937
Aðrir rekstrarfjármunir .....	0	0	139
Samtals B-hluta stofnanir .....	<u>378.649</u>	<u>1.639.722</u>	<u>245.537</u>

Samantekið samtals .....	<u>1.853.372</u>	<u>6.203.771</u>	<u>1.858.019</u>
--------------------------	------------------	------------------	------------------

Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga hafa tilteknar eignir sveitarfélagsins verið gjaldfærðar og því ekki færðar í efnahagsreikning.

## Skýringar

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir, framhald

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti fráveitu nemur 594 mkr. og vatnsveitu 411 mkr.

#### Lausafjármunir

Tryggingarverð lausafjármuna greinist þannig:

Grunnskóli .....	83.194
Leikskóli .....	21.484
Íþróttamiðstöð .....	28.258
Félagsheimili .....	81.150
Fjallaskálar .....	5.273
Áhaldahús .....	19.079
Skrifstofa sveitarfélagsins .....	12.055
Bókasafn .....	25.598
Byggingafulltrúi .....	5.945
Annað .....	31.157
	313.193

### 7. Eignarhlutir í félögum

Bókfært verð eignarhluta í öðrum félögum greinist þannig:

	Eignarhlutur	Sveitarsjóður	Samantekið
Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands .....	0,22%	2.058	2.058
Sláturfélag Suðurlands svf - stofnsjóður A deildar .....	0,00%	7	7
Sláturfélag Suðurlands svf - stofnsjóður B deildar .....	0,38%	1.022	1.022
Katla Jarðvangur ses .....	17,85%	500	500
Vottunarstofan Tún ehf. ....	1,07%	139	139
Kaupfélag Árnesinga .....	3,99%	4.253	4.253
Strandarvöllur ehf. ....	6,57%	4.975	4.975
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf .....	3,13%	9.577	9.577
Rangárbaðkar, hestamiðstöð Suðurlands ehf. ....	7,09%	5.419	5.419
Rangárhöllin ehf. ....	8,61%	10.253	10.253
Skeiðvangur ehf. ....	37,08%	10.000	10.000
Láanasjóður sveitarfélaga ohf. ....	1,67%	147.855	147.855
Landskerfi bókasafna hf .....	0,14%	211	211
Háskólafélag Suðurlands ehf. ....	7,82%	5.930	5.930
Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. ....	50,14%	12.535	12.535
	214.736	214.736	

## Skýringar

### 8. Langtímakrökfur

Langtímakrökfur á eigin fyrirtæki í B hluta:

Staða verðbréfaeignar í ársbyrjun .....	106.740
Afborgun á árinu .....	(29.143)
Verðbætur .....	2.237
Staða verðbréfaeignar í árslok .....	79.835
Næsta árs afborganir .....	(10.607)
	69.227

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

Árið 2017 .....	10.607
Árið 2018 .....	11.085
Árið 2019 .....	11.584
Árið 2020 .....	12.105
Árið 2021 .....	12.650
Síðar .....	21.804
	79.835

### 9. Skammtímakrökfur

Niðurfærsla óinnheimtra skatttekna og annarra viðskiptakrafna greinist þannig:

	Sveitarsjóður	Samantekið
Afskriftareikningur í ársbyrjun .....	41.000	41.000
Breyting afskriftaframlags á árinu .....	4.800	4.800
Afskriftareikningur í árslok .....	45.800	45.800

### 10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	Sveitarsjóður	Samantekið
Eigið fé í ársbyrjun .....	1.818.966	1.616.828
Leiðrétt framlög til stofnanna .....	(39.961)	(39.961)
Endurmat lóða skv. álti 2/2010 .....	31.219	31.219
Rekstrarniðurstaða ársins .....	124.535	153.328
Eigið fé í árslok .....	1.934.759	1.761.415

## Skýringar

### 11. Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Um er að ræða áætlaðan hluta launagreiðanda í áfallinni lífeyrisskuldbindingu vegna starfsmanna Rangárþings eystra í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Útreikningurinn, sem miðast við árslok 2016, er gerður af tryggingafræðingi eftir sömu forsendum og notaðar eru við úttekt á B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hlutur launagreiðenda er áætlaður 50,2%.

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	106.758
Greiddur lífeyrir .....	(2.320)
Reiknuð breyting ársins .....	24.458
Lífeyrisskuldbinding í árslok .....	128.895
Áætlun næsta árs greiðsla .....	(2.420)
Skuldbinding til eins árs eða lengur .....	126.475

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2017-2021 .....	16.533
Árin 2022-2026 .....	26.195
Árin 2027-2031 .....	28.820
Síðar .....	57.347

128.895

### 12. Langtímaskuldir

	Sveitarsjóður	Samantekið
Skuldir í íslenskum krónum:		
Staða verðtryggðra lána í ársbyrjun .....	276.936	520.633
Afborganir .....	(50.386)	(82.078)
Verðbætur .....	5.341	10.232
Verðtryggð lán í árslok, meðalvextir 3,69%	231.891	448.787

Afborganir af langtímaskuldu greinast þannig á næstu ár:

Árið 2017 .....	48.625	53.585
Árið 2018 .....	45.581	50.666
Árið 2019 .....	43.126	48.338
Árið 2020 .....	29.167	34.510
Árið 2021 .....	22.457	27.935
Síðar .....	42.935	233.752

231.891 448.787

Langtímaskuldir koma þannig fram í efnahagsreikningi

Næsta árs afborganir, færðar meðal skammtímaskulda .....	48.625	53.585
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	183.266	395.201

231.891 448.787

## Skýringar

### 13. Skattamál

Tekjuskattsinneign er reiknuð og færð í ársreikninginn vegna starfsemi Skógaaveitu. Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarrekningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færst til skuldar í efnahagsrekningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarrekningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattsinneign í ársbyrjun .....	1.149
Reiknaður tekjuskattur af rekstrarniðurstöðu ársins .....	(1.036)
Tekjuskattur til greiðslu 2017 vegna ársins 2016 .....	1.042
Tekjuskattsinneign í árslok .....	1.155

### 14. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A hluti .....	100%	2.428.980	494.221	1.934.759
Félagslegar íbúðir .....	100%	63.325	125.740	(62.414)
Leiguíbúðir .....	100%	88.106	205.271	(117.165)
Vatnsveita .....	100%	46.031	50.357	(4.326)
Hitaveita .....	100%	6.791	2.205	4.586
Fráveita .....	100%	48.408	42.433	5.975
Millifærslur, innbyrðis staða .....		(207.933)	(207.933)	0
Heildarstaða sveitarfélagsins 31.12.2016 .....		2.473.708	712.294	1.761.415

### 15. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sveitarfélagið hefur gengið í ábyrgð vegna lántoku hjúkrunar- og dvalarheimilisins Kirkjuhvols, eftirstöðvar lánsins nema 24,5 m.kr. í árslok 2016. Sveitarfélagið hefur ábyrgst lántoku Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. og Héraðsnefndar Rangæinga ásamt Rangárþingi ytra og Ásahreppi, í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaganna. Auk þess hefur sveitarfélagið ábyrgst lántoku Byggðasafnsins í Skóum og Félags- og skólaþjónustunnar ásamt öðrum sveitarfélögum í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu, í hlutfalli við íbúafjölda.

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Kirkjuhvols, dvalarheimilis aldraðra. Skuldbinding heimilisins samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt í árslok 2016 er um 15,9 m.kr. Skuldbindingin er ekki færð í ársreikninginn.

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Tónlistarskóla Rangæinga í hlutfalli við kostnaðarpáttóku sveitafélagsins í rekstri skólans. Skuldbinding skólans samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt í árslok 2016 er um 34 m.kr. Skuldbindingin er ekki færð í ársreikninginn.

Sveitarsjóður seldi á árinu 1999 hluta úr landi Núps II. Kaupandi yfirtók lán hjá Lánaþjóði landbúnaðarins, en lánið er með veði í eignarhlut sveitarsjóðs í Núpi II. Sveitarsjóður þinglýsti tryggingarbréfi á hina seldu eign samsvarandi yfirteknu láni.

## Skýringar

### 16. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

# Skýringar

## 17. Lykiltölur

Lykiltölur fyrir A-hluta - 5 ára yfirlit:

	Áætlun með viðaukum	Ársreikningar					
		2016	2015	2014	2013	2012	
<b>Ýmsar lykiltölur</b>							
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)</b>							
Framlegð (EBITDA).....	5,9%	11,2%	2,2%	7,0%	8,1%	8,7%	
Rekstrarniðurstaða.....	1,0%	7,9%	-2,8%	2,7%	4,1%	4,6%	
Veltufé frá rekstri.....	4,9%	11,7%	2,8%	8,2%	9,4%	10,2%	
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	-8,4%	3,9%	2,6%	3,9%	18,6%	11,0%	
Heildarskuldir og skuldb. - skuldahlutfall.....	32,4%	31,2%	37,6%	41,9%	43,6%	41,4%	
<b>Önnur hlutföll</b>							
Langt.sk. og skuldb. / veltufé frá rekstri (ár).....	6,7	1,7	8,9	3,5	3,5	3,0	
Veltufé frá rekstri / afb. skulda og skuldb.....	1,3	3,7	0,8	2,1	2,5	2,6	
Veltufjárlutfall.....	2,0	2,9	2,4	2,6	2,6	3,1	
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlag'a</b>							
Jafnvægisregla.....	1,0%	7,9%	-2,8%	2,7%	4,1%	4,6%	
Skuldaviðmið.....	16,6%	5,6%	16,1%	17,9%	21,9%	14,3%	
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)</b>							
Útsvar .....	50,7%	48,3%	46,0%	47,9%	49,2%	47,9%	
Fasteignaskattur .....	7,6%	6,5%	7,4%	7,4%	6,8%	7,4%	
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	27,5%	28,8%	30,3%	27,6%	26,7%	28,8%	
Lóðarleiga .....	0,8%	0,7%	0,8%	0,8%	0,8%	0,9%	
Skatttekjur samtals .....	86,6%	84,4%	84,5%	83,8%	83,5%	85,0%	
Aðrar tekjur .....	13,4%	15,6%	15,5%	16,2%	16,5%	15,0%	
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	
Laun og launatengd gjöld .....	53,1%	48,7%	52,8%	50,9%	48,8%	48,5%	
Lifeyrisskuldbinding, breyting .....	0,5%	1,5%	0,8%	0,6%	0,6%	0,6%	
Annar rekstrarkostnaður .....	40,5%	38,5%	44,2%	41,5%	42,5%	42,2%	
Framlegð (EBITDA).....	5,9%	11,2%	2,2%	7,0%	8,1%	8,7%	
Afskriftir .....	4,8%	3,8%	4,5%	4,7%	4,3%	4,7%	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	0,2%	-0,4%	0,4%	-0,4%	-0,3%	-0,6%	
Rekstrarniðurstaða .....	1,0%	7,9%	-2,8%	2,7%	4,1%	4,6%	
<b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>							
<b>Rekstur</b>							
Skatttekjur .....	702	759	635	606	614	549	
Aðrar tekjur .....	109	141	116	117	122	96	
Laun og launatengd gjöld .....	(434)	(452)	(403)	(373)	(364)	(316)	
Annar rekstrarkostnaður .....	(328)	(347)	(332)	(300)	(313)	(272)	
Afskriftir .....	(39)	(34)	(34)	(34)	(32)	(30)	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(2)	4	(3)	3	2	4	
Rekstrarniðurstaða .....	8	71	(21)	20	30	29	
<b>Efnahagur:</b>							
Eignir .....	1.319	1.379	1.309	1.359	1.384	1.272	
Eigjöd fé .....	1.056	1.098	1.027	1.056	1.063	1.005	
Skuldir og skuldbindingar .....	263	280	283	303	321	267	
<b>Sjóðstreymi</b>							
Veltufé frá rekstri .....	40	105	21	59	69	66	
Handbært fé frá rekstri .....	40	53	43	79	58	56	
Fjarfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	68	35	20	28	137	71	
Íbúafjöldi .....	1.747	1.762	1.772	1.747	1.703	1.742	
Breyting frá fyrra ári% .....		-0,6%	1,5%	2,5%	-2,2%	-0,1%	

# Skýringar

## 17. Lykiltölur, framhald

Lykiltölur fyrir A og B hluta - 5 ára yfirlit:

	Áætlun með viðaukum	Ársreikningar					
		2016	2015	2014	2013	2012	
<b>Ýmsar lykiltölur</b>							
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)</b>							
Framlegð (EBITDA).....	9,8%	14,3%	5,2%	11,7%	11,2%	12,4%	
Rekstrarniðurstaða.....	2,2%	9,0%	-2,0%	5,1%	3,6%	3,8%	
Veltufé frá rekstri.....	6,7%	12,9%	4,5%	10,1%	10,9%	12,0%	
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	8,8%	3,5%	2,9%	1,6%	17,8%	8,9%	
Heildarskuldir og skuldb. - skuldhahlutfall.....	47,0%	42,0%	52,7%	57,5%	62,3%	61,8%	
<b>Önnur hlutföll</b>							
Langt.sk. og skuldb. / veltufé frá rekstri (ár).....	7,0	2,4	8,9	4,5	4,7	4,2	
Veltufé frá rekstri / afb. skulda og skuldb.....	1,2	2,7	1,2	1,7	2,7	2,2	
Veltufjárlutfall.....	1,0	2,1	1,5	1,7	1,5	2,0	
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga</b>							
Jafnvægisregla.....	2,2%	9,0%	-2,0%	5,1%	3,6%	3,8%	
Skuldaviðmið.....	46,1%	26,3%	43,5%	45,9%	53,2%	47,4%	
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)</b>							
Útsvar .....	47,6%	45,2%	43,4%	45,1%	46,9%	45,4%	
Fasteignaskattur .....	6,9%	5,9%	6,7%	6,7%	6,2%	6,7%	
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	25,8%	27,0%	28,5%	26,0%	25,5%	27,3%	
Lóðarleiga .....	0,7%	0,7%	0,8%	0,8%	0,8%	0,9%	
Skatttekjur samtals .....	81,0%	78,8%	79,4%	78,5%	79,3%	80,3%	
Aðrar tekjur .....	19,0%	21,2%	20,6%	21,5%	20,7%	19,7%	
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	
Laun og launatengd gjöld .....	49,8%	45,6%	49,8%	47,9%	46,6%	46,0%	
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	0,5%	1,4%	0,8%	0,6%	0,6%	0,5%	
Annar rekstrarkostnaður .....	40,0%	38,7%	44,3%	39,9%	41,6%	41,1%	
Framlegð (EBITDA).....	9,8%	14,3%	5,2%	11,7%	11,2%	12,4%	
Afskriftir .....	5,3%	4,2%	5,1%	5,2%	5,0%	5,5%	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	2,2%	1,0%	2,2%	1,4%	2,5%	3,1%	
Rekstrarniðurstaða .....	2,2%	9,0%	-2,0%	5,1%	3,6%	3,8%	
<b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>							
<b>Rekstur</b>							
Skatttekjur .....	701	757	633	604	611	547	
Aðrar tekjur .....	165	204	164	165	159	134	
Laun og launatengd gjöld .....	(435)	(452)	(403)	(373)	(364)	(316)	
Annar rekstrarkostnaður .....	(346)	(372)	(353)	(306)	(321)	(279)	
Afskriftir .....	(46)	(40)	(40)	(40)	(39)	(38)	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(19)	(10)	(17)	(11)	(20)	(21)	
Rekstrarniðurstaða .....	19	87	(16)	39	28	26	
<b>Efnahagur:</b>							
Eignir .....	1.350	1.404	1.333	1.377	1.400	1.287	
Eigið fé .....	944	1.000	912	935	919	867	
Skuldir og skuldbindingar .....	407	404	420	442	481	420	
<b>Sjóðstreymi</b>							
Veltufé frá rekstri .....	58	124	36	78	84	82	
Handbært fé frá rekstri .....	58	71	56	97	74	72	
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	76	34	20	12	137	60	
Íbúafjöldi .....	1.747	1.762	1.772	1.747	1.703	1.742	
Breyting frá fyrra ári% .....		-0,6%	1,5%	2,5%	-2,2%	-0,1%	

## Skýringar

### 17. Lykiltölur, framhald

Ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta greinist þannig í þús. kr. (á verðlagi hvers árs):

	2016	%	2015	%	2014	%
<b>Aðalsjóður</b>						
Skatttekjur .....	1.360.446	100,00%	1.144.874	100,00%	1.077.184	100,00%
Félagsþjónusta .....	(88.063)	6,5%	(92.493)	8,1%	(67.122)	6,2%
Heilbrigðismál .....	(1.409)	0,1%	(1.349)	0,0%	0	0,0%
Fræðslu- og uppeidismál .....	(770.786)	56,7%	(713.820)	62,3%	(645.186)	59,9%
Menningarmál .....	(120.660)	8,9%	(132.595)	11,6%	(130.650)	12,1%
Æskulýðs- og íþróttamál .....	(138.646)	10,2%	(130.705)	11,4%	(123.970)	11,5%
Brunamál og almannavarnir .....	(16.332)	1,2%	(14.679)	1,3%	(14.926)	1,4%
Hreinlætismál .....	(26.439)	1,9%	(22.277)	1,9%	(11.228)	1,0%
Skipulags- og byggingamál .....	(46.081)	3,4%	(34.046)	3,0%	(31.921)	3,0%
Umferðar- og samgöngumál .....	(26.773)	2,0%	(26.626)	2,3%	(26.180)	2,4%
Umhverfismál .....	(31.257)	2,3%	(24.084)	2,1%	(26.644)	2,5%
Atvinnumál .....	(20.981)	1,5%	(13.745)	1,2%	(19.302)	1,8%
Sameiginlegur kostnaður .....	(139.354)	10,2%	(141.271)	12,3%	(131.983)	12,3%
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	(24.458)	1,8%	(10.704)	0,9%	(7.226)	0,7%
Fjármagnsliðir, nettó .....	78.469	-5,8%	73.781	-6,4%	80.363	-7,5%
Aðalsjóður samtals .....	(12.324)	100,9%	(139.739)	112,1%	(78.790)	107,3%
<b>Aðrir sjóðir í A-hluta</b>						
Eignasjóður .....	145.468	-10,7%	116.641	-10,2%	123.659	-11,5%
Þjónustustöð .....	(8.610)	0,6%	(14.060)	1,2%	(10.070)	0,9%
Ráðstöfun samtals .....	136.859	-10,1%	102.582	-9,0%	113.589	-10,5%
Rekstrarniðurstaða A hluti .....	124.535	9,2%	(37.157)	-3,1%	34.799	3,2%

## Skýringar

### 18. Samanburður rekstraráætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2016 samkvæmt upphaflega samþykktum fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarrekningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Sveitarsjóður			Samantekin reikningsskil		
	A hluti		A og B hluti			
	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
<b>Tekjur</b>						
Skatttekjur .....	838.010	0	838.010	834.708	0	834.708
Framlög jöfnunarsjóðs .....	389.200	0	389.200	389.200	0	389.200
Aðrar tekjur .....	155.490	34.107	189.597	239.494	48.037	287.531
	1.382.700	34.107	1.416.807	1.463.402	48.037	1.511.439
<b>Gjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	727.070	32.000	759.070	727.370	32.000	759.370
Annar rekstrarkostnaður .....	542.926	30.833	573.759	573.435	30.832	604.267
	1.269.996	62.833	1.332.829	1.300.805	62.832	1.363.637
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>						
Afskriftir .....	(67.758)	0	(67.758)	(80.600)	0	(80.600)
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</b>						
Fjármagnsliðir .....	(2.725)	0	(2.725)	(33.505)	0	(33.505)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<u>42.221</u>	<u>(28.726)</u>	<u>13.495</u>	<u>48.492</u>	<u>(14.795)</u>	<u>33.697</u>

## Skýringar

### 19. Samanburður sjóðstreymisáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2016 samkvæmt upphaflega samþykktum fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Sveitarsjóður			Samantekin reikningsskil		
	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarniðurstaða ársins .....	42.221	(28.726)	13.495	48.492	(14.795)	33.697
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárvstreymi:						
Reiknaðar afskriftir .....	67.758	0	67.758	80.600	0	80.600
Verðbætur .....	7.491	0	7.491	21.109	0	21.109
Breyting á skuldbindingum .....	6.000	0	6.000	6.000	0	6.000
Söluhagnaður .....	0	(25.707)	(25.707)	0	(39.637)	(39.637)
Veltufé frá rekstri .....	123.470	(54.433)	69.037	156.202	(54.432)	101.770
<b>Handb.fé frá rekstri (til rekstrar)</b>	<b>123.470</b>	<b>(54.433)</b>	<b>69.037</b>	<b>156.202</b>	<b>(54.432)</b>	<b>101.770</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Kaupverð varanlegra rekstrarfj. ....	(118.340)	0	(118.340)	(133.340)	0	(133.340)
Söluverð varanlegra rekstrarfj. ....	0	36.000	36.000	0	61.100	61.100
Eignarhlutir í félögum, breyting .....	(7.500)	0	(7.500)	(7.500)	0	(7.500)
Langtímakr. eigin stofnanir, br. ....	29.215	0	29.215	0	0	0
	(96.625)	36.000	(60.625)	(140.840)	61.100	(79.740)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Eigin fyrirtæki, breyting .....	(18.044)	0	(18.044)	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	(51.787)	0	(51.787)	(58.348)	(26.895)	(85.243)
	(69.831)	0	(69.831)	(58.348)	(26.895)	(85.243)
<b>Lækkun á handbæru fé</b>	<b>(42.986)</b>	<b>(18.433)</b>	<b>(61.419)</b>	<b>(42.986)</b>	<b>(20.227)</b>	<b>(63.213)</b>
Handbært fé í ársbyrjun .....	153.391		153.391	153.391		153.391
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>110.405</b>	<b>(18.433)</b>	<b>91.972</b>	<b>110.404</b>	<b>(20.227)</b>	<b>90.177</b>